

Bókun úr fundargerð 109. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar 5.11.2020, dagskrárliður 2:

Hróðnýjarstaðir - breyting á aðalskipulagi vegna vindlundar - 2003042

Lagt fram bréf frá Stormorku vegna viðauka við Landskipulagsstefnu 2015-2026.

Fyrir liggur bréf frá Storm Orku þar sem óskað er eftir svörum vegna tafa sem hafa orðið á við gerð viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Fyrstu tvær spurningar í fyrirspurn Storm Orku varðar málsmeðferð viðauka við Landsskipulagsstefnu og hvenær hann gæti öðlast gildi.

Skipulagsfulltrúi Dalabyggðar óskaði svara frá Skipulagsstofnun við þessum spurningum sem voru svohljóðandi: „Ferlið við gerð viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er eftirfarandi og hefur verið uppfært miðað við tafir. Enn er stefnt að því að auglýsa tillöguna nú um mánaðarmótin. Það er hins vegar ekki gott að segja hvenær viðaukinn tekur gildi sem þingsályktun.

Júlí 2018: Umhverfis- og auðlindaráðherra skilgreinir umfang og áherslur í bréfi til Skipulagsstofnunar.

Mars 2019: Lýsing fyrir gerð viðaukans kynnt opinberlega.

Máí 2019: Samantekt um afrakstur samráðs um lýsingu kynnt opinberlega.

Forsendugreining og undirbúningur stóð yfir frá síðari hluta 2019 fram til miðs 2020.

Okt. 2019 - ágúst 2020: Morgunfundaröð um landsskipulagsstefnu.

Vinnsla tillögu ásamt greinargerð og umhverfismati hefur farið fram 2020, stefnt að auglýsingu í nóv. 2020.

Að lokinni auglýsingu tekur við 8 vikna kynningartími.

Að loknum kynningartíma tekur Skipulagsstofnun saman umsögn um framkomnar umsagnir og athugasemdir og skilar til ráðherra.

Ráðherra tekur tillögur Skipulagsstofnunar ásamt umsögninni til skoðunar og gengur frá tillögu til þingsályktunar að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi ráðuneyti."

Varðandi þriðju spurningu í fyrirspurn Storm Orku sem varðar það hvort sveitarstjórn ætli að breyta skipulagsáætlunum sínum í samræmi við plagg áður en það er orðið lögformlegt eða bíða þar til málsmeðferð lýkur, vísar nefndin í afgreiðslu umhverfis- og skipulagsnefndar vegna máls númer 2009030, 2. október 2020.